



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Ársskýrsla 2022

Nýtt þvottahús

tekur til starfa föstudaginn 13.
þ.m. í Lundargötu 7 (inngangur
frá Gránufélagsgötu).

Vélar og áhöld af fullkomn-
ustu gerð

Akureyri 11. desember 1946

H.F. „ÞVOTTUR“

Brekkugötu 17, 600 Akureyri

herak@herak.is - www.herak.is


460-1290

Inngangur

Héraðsskjalasafnið á Akureyri starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og Samþykkt fyrir Héraðsskjalasafnið á Akureyri frá árinu 2012.

Starfssvæði Héraðsskjalasafnsins á Akureyri nær yfir fimm sveitarfélög við Eyjafjörð, frá Hörgársveit vestan fjarðar til og með Grýtubakkahreppi austan Eyjafjarðar. Sveitarfélögin eru Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Íbúar á svæðinu voru 22.678 þann 1. desember 2022.

Safnið er opið öllum sem á þjónustu eða upplýsingum þurfa að halda, hvort sem það er vegna vinnu, verkefna eða áhugamála. Safnið er opið mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá 10.00 til 16.00 en lokað er fyrir afgreiðslu á miðvikudögum.



Skjalavörður að störfum

Á árinu 2022 voru stöðugildin á safninu tvö, líkt og undanfarin ár. Starfsmenn voru Lára Ágústa Ólafsdóttir héraðsskjalavörður og Sunnefa Lind Þórarinsdóttir skjalavörður en hún leysti Katrínu Björgu Þórisdóttur af fram í september. Eftir að Katrín kom til baka úr fæðingarorlofi vann Sunnefa við miðlunarverkefnið.

Auk þess naut safnið krafta þeirra Aiju Burdikovu og Noru Laurisch hluta ársins og sumarstarfsfólksins Júní Sigurðarburs og Kristjáns Breka Björnssonar.


Starfsemi

Frá því að safnið var opnað fyrir rúmum 50 árum hefur starfsemi og hlutverk þess tekið umtalsverðum breytingum í takt við lög sem um starfsemina gilda og breytingar á samfélaginu. Í grófum dráttum má skipta starfinu í eftirfarandi þætti:

- Þjónusta og afgreiðsla við notendur safnsins
- Móttaka og varðveisla skjala frá skilaskyldum aðilum og einkaaðilum
- Skráning, frágangur og miðlun á skjalaskrárm á lestrarsal og á heimasíðu safnsins
- Ráðgjöf og eftirlit með skjalavörslu skilaskyldra aðila
- Rannsóknir, sýningar og miðlun safnkosts

Þjónusta og afgreiðsla við notendur safnsins


Á árinu 2022 voru gestir safnsins 489 og voru 68% þeirra karlar og 32% konur. Kynjaskiptingin er í samræmi við tölur fyrri ára en gestafjöldinn á enn nokkuð í að vera sambærilegur við það sem var fyrir Covid-19.



Auk þess komu 176 nemendur úr grunnskólum Akureyrar í heimsókn til okkar og fengu fræðslu um hlutverk og verkefni safnsins. Ef allt er talið voru gestirnir því 665 en nemendur hafa ýmist verið taldir í heildarfjölda gestanna eða ekki.

Útlán og fyrirspurnir

Útlán á árinu 2022 voru samtals 3.934. Stærsti hluti þeirra var vegna sýninga sem haldnar voru eða 1.971. Útlán til gesta voru 958, vegna fyrirspurna 259 og millisafnalán voru 746.




Það eru aðeins útlánin vegna sýningarhalds sem starfsfólkið getur haft áhrif á en að öðru leyti er það eftirspurnin sem ræður því hversu mörg útlánin eru. Áhugi gesta stjórnar því hvort og hvað þeir fá lánað úr geymslunum, úrlausnarefni fyrirspurnanna ráða því hvort svörin er að finna í einu skjali eða leita þarf víðar og fjöldi millisafnalána ræðst af áhuga fólks í öðrum héruðum.


Rétt er einnig að geta þess að möguleikar fólks til þess að nálgast safnkostinn hafa aukist mikið eftir að skjalavefurinn á heimasíðunni varð til. Umferðin á heimasíðunni er breytileg eftir árum en árið 2022 voru heimsóknir á síðunni rétt innan við 9000 og er þá átt við heimsóknir þar sem gestir staldra við og eru að lesa sér til gagns.

Aðföng

Á árinu 2022 bárustu safninu 62 afhendingar og var umfang þeirra 44,94 hillumetrar. Það er heldur minna en undanfarin ár.




Af 62 afhendingum sem bárust árið 2022 voru 18 frá skilaskyldum aðilum en hinar komu frá einkaaðilum þ.e. einstaklingum, félögum og einkareknum fyrirtækjum.



Um afhendingarnar árið 2022 í heild sinni má segja að meirihluti þeirra eru einkaskjöl ef litið er til fjölda en mun fleiri hillumetrar koma frá skilaskyldum aðilum. Langstærsti hluti þess sem kemur frá skilaskyldum aðilum eru fullfrágengin skjöl og það sem kemur frá einkaaðilum er að mestu leyti óskráð.

Afhendingar geta verið allt frá einu blaði upp í einhverja tugi hillumetra og ástand skjalanna er einnig misjafnt. Það væri ákjósanlegast að geta sett afhendingarnar beint upp í hillu en oft er sá möguleiki ekki fyrir hendi og þá er það undir starfsfólkinu komið að ganga frá skjölunum með viðeigandi hætti.



Með hálfskráðum skjölum er átt við að búið er að hreinsa skjölin og flokka og eitthvert yfirlit fylgir afhendingunni. Þegar skjölin koma óskráð og óflokkuð til safnsins eru þau grófflokkuð og grisjuð eftir því sem tilefni er til og þau sett í skjalaöskjur en nákvæmari skráning getur

dregist eftir því hvernig stendur á öðrum verkefnum á safninu. Af þeim 44,9 hillumetrum sem bættust við árið 2022 voru 65,4 % þeirra skráðir og fullfrágengnir, 6,8% voru hálfskráðir og 27,8 % óskráðir.

Ráðgjöf og eftirlit

Á árinu 2022 heimsóttu starfsfólk Héraðsskjalasafnsins grunn- og leikskóla Eyjafjarðar-sveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps. Tilgangur þessara heimsókna var að efna til betri kynna okkar á milli og að líta til með skjalahaldi þessara stofnana. Ekki var um eiginlegar niðurstöður að ræða eftir þessar heimsóknir en skólastjórnir eru almennt mjög meðvitaðir um ábyrgð sína á skjalahaldi og nauðsyn þess að skjalavarslan sé í samræmi við lög og reglur sem um málaflokkinn gilda. En betur má ef duga skal og er brýnt að gengið verði frá skjalavistunaráætlunum og málalyklum fyrir þessar stofnanir.



Við leikskólann Krummafót á Grenivík

Auk þessara skipulögðu eftirlits- og ráðgjafarheimsókna fór starfsfólkið í nokkar aðrar heimsóknir að beiðni skjalamyndara, t.d. í Hríseyjarskóla og í Smámunasafnið.

Sýningar og samfélagsmiðlar


Þema skjaladagsins var að þessu sinni hreinlæti. Norræni skjaladagurinn er sameiginlegur kynningardagur opinberra skjalasafna á Norðurlöndum og er haldinn annan laugardag í nóvember. Sett var upp sýning í anddyri safnsins undir yfirskriftinni: *Hreint og fínt*. Við framsetningu sýningarefnisins var áhersla lögð á sjónræna upplifun á þann hátt að í stað þess að hafa flest skjölin liggjandi í sýningarkassa voru þau skönnuð og sýnd í stóru

sjónvarpi. Auk þess voru búnar til tvær stuttmyndir, sem gengu aftur og aftur. Í öðru tilvikinu var myndefnið hreinsun afhendingar en í hinu voru blaðaúrklippur fjarlægðar úr verslunarbók. Sýningin stóð út nóvember en þá tók við samstarfsverkefni með Amtsbókasafni um að gera jóllalegra í húsinu. Héraðsskjalasafnið lagði jólakort úr safni Ingunnar Kristjánsdóttur til verkefnisins.

Áfram var haldið við að birta skilgreiningar á hugtökum í skjalavörslu og skjalastjórn með vikulegum innslögum á Facebook og Instagram og „skjal vikunnar“ öðlaðist fastan sess á þessum miðlum. Eins og áður voru myndbirtingar og efni í „story“ á Instagram og Facebook í takt við geðslag starfsfólksins og tilefni á líðandi stundu.



Sýnishorn af Instagram stories frá 2022



Miðlunarverkefni

Á árinu 2022 fékk Héraðsskjalasafnið þrjá styrki frá Þjóðskjalasafni Íslands til þess að gera skjöl safnsins aðgengileg á heimasíðu sinni. Þau verkefni sem fengu styrk voru:

Brunavirðingabækur á tímabilinu 1910-1944; gjörðabækur sveitarfélaga 1887-1948 og grunnteikningar að húsum á Akureyri. Fyrri verkefni tvö eru framhald fyrri ára en húsateikningarnar eru nýtt verkefni.



Hægt er að skoða skjölin sem búið er að mynda á slóðinni herak.is/is/skjalavefur

Afraksturinn voru 4995 myndir og bættust við þær myndir sem þegar voru aðgengilegar á heimasíðu safnsins. Í árslok var heildarfjöldi mynda á heimasíðunni 64.887.

Fundir og fræðsla

Mörg af þeim námskeiðum sem starfsfólk safnsins nýttu sér á árinu 2022 voru rafræn enda eru möguleikar á að auka þekkingu sína með þeim hætti sífellt að verða fleiri. Námskeið og fundir sem starfsfólk tók þátt í voru þessi (sum rafræn, önnur ekki):

- 8. febrúar - fræðslufundur á vegum Félags héraðsskjalavarða á Íslandi.
Efni: Málalykill og skjalavistunaráætlun – úrvinnsla og góð ráð
Fyrirlesarar: Árni Jóhannsson og Heiðar Lind Hansson, starfsmenn á Þjóðskjalasafni.
- 24. mars - fræðslufundur á vegum Félags héraðsskjalavarða á Íslandi.
Efni: Réttindamál varðandi birtingu og notkun ljósmynda úr ljósmynda- og skjalasöfnum
Fyrirlesari: Hörður Geirsson, Minjasafninu á Akureyri
- 11. apríl - fræðslufundur á vegum Stefnu ehf.
Efni: Vorverkin á vefnum
Fyrirlesari: Pétur Rúnar Guðnason
- 5. maí - upplýsinga- og samráðsfundur á vegum forsætisráðuneytisins
Efni: Upplýsingastefna stjórnvalda
- 30. maí - Vorfundur opinberra skjalasafna, haldinn í Reykjavík
Efni: Könnun Þjóðskjalasafns á ríkisskjölum hjá vörslustofnunum
Aðgangur að upplýsingum um viðkvæm efni sem eru orðin 80 ára gömul

Nýtt eyðublað fyrir grisjunarbeiðni
Niðurstöður nýrrar eftirlitskönnunar Borgarskjalasafns Reykjavíkur
Innviðaverkefni Þjóðskjalasafns – markmið og staða
Kynning á diplómanámi í hagnýtri skjalfræði
Kynning á nýju skráningarkerfi Héraðsskjalasafns Árnesinga
Lög um opinber skjalasöfn – er tilefni til breytinga?

Fyrirlesarar voru starfsmenn opinberra skjalasafna.

31. maí - Vorráðstefna Þjóðskjalasafns

Yfirskrift: Hagur stjórnsýslunnar og réttindi borgaranna

Efni: Árangur eftirlits með afhendingarskyldum aðilum (Helga Jóna Eiríksdóttir, ÞÍ)

Um skráningu mála og málgagna (Trausti Fannar Valsson, HÍ)

Einstaklegir hagsmunir. Aðgangur að gögnum á grundvelli 30. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn (Benedikt Eyþórsson, ÞÍ)

Afhendingarskylda einkaaðila (Kristín Benediktsdóttir, HÍ)

6. – 7. október – Haustráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi, haldin á Dalvík

Haustráðstefnur félagsins eru árlegir viðburðir sem að einhverju leyti hafa yfirbragð jafningafræðslu. Á ráðstefnunum miðlar starfsfólk héraðsskjalasafnanna af sérþekkingu og reynslu sinni til annarra ráðstefnugesta en einnig halda utanaðkomandi sérfræðingar erindi, eftir því sem tilefni eru til.

Að þessu sinni voru flutt erindi um safnkost, starfsemi og framtíð og þróun skjalasafna.

Málstofur voru um skönnun og miðlun og rafræna varðveislu. Héraðsskjalavörður flutti

erindi á ráðstefnunni og fjallaði um þá greiningu sem gerð var á safnkostinum um sumarið.



Gestir á haustráðstefnunni á Dalvík

Samstarf héraðsskjalasafna

Á haustráðstefnunni á Dalvík var mótuð viljayfirlýsing héraðsskjalasafnanna um samstarf að sameiginlegri úrlausn rafrænnar varðveislu, sem nýtast muni öllum héraðsskjalasöfnum á landinu. Það er vilji héraðsskjalavarða að til verði eitt móttökuver sem skjalasöfnin nýti sér í sameiningu, undir forræði og í umboði héraðsskjalasafnanna. Í samstarfinu felst einnig samræming á verkferlum, aðferðum og verklagi við viðtöku og meðhöndlun skjala á rafrænu formi og samræmt verklag við aðgengi að vörsluútgáfunum.

Rekstraryfirlit 2022

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er sjálfstæð skjalavörslustofnun sem Akureyrarbær rekur en Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur leggja til rekstrarfé í hlutfalli við íbúafjölda. Ríkissjóður styrkir safnið árlega og ákvarðast sú fjárhæð af fjárlögum hvers árs. Á árinu fékk safnið auk þess verkefnastyrki frá Þjóðskjalasafni til miðlunar safnefnis.

| | | |
|----|--|-------------------|
| | Rekstrarkostnaður alls kr. | 55.976.454 |
| 40 | Tekjur - sala og þjónusta | 53.179 cr |
| 40 | Tekjur - húsaleiga | 213.876 cr |
| 40 | Tekjur - framlag ríkissjóðs | 916.788 cr |
| 40 | Tekjur - verkefnastyrkur Þjóðskjalasafns Íslands | 2.110.000 cr |
| 40 | Tekjur - framlag sveitarfélaga utan Akureyrar | 5.733.276 cr |
| 51 | Launakostnaður og annar starfsmannakostnaður | 21.505.868 |
| 52 | Vörukaup, rafmagn og hiti | 2.769.296 |
| 54 | Húsaleiga og lausafjárleiga Fasteigna Akureyrarbæjar | 27.962.549 |
| 54 | Önnur þjónustukaup og ræsting | 3.738.741 |
| | Akureyrarkaupstaður kr. | 46.949.335 |

Afhendingar 2022

Opinber skjöl

| Aðf.nr. | Skjalamyndari | Sveitarfélag | Hillum. |
|---------|---|-------------------|---------|
| 2022/8 | Yfirs kattanevnd á Akureyri | Akureyrarbær | 0.08 |
| 2022/10 | Hríseyjarskóli | Akureyrarbær | 1.89 |
| 2022/15 | Skriðuhreppur | Skriðuhreppur | 0.16 |
| 2022/17 | Glæsibæjarhreppur | Glæsibæjarhreppur | 0.03 |
| 2022/22 | Skipulags og byggingafulltrúi Eyjafjarðar | Hörgársveit | 1.15 |
| 2022/26 | Hríseyjarhreppur | Hríseyjarhreppur | 0.05 |
| 2022/28 | Hlíðarskóli | Akureyrarbær | 0.56 |
| 2022/29 | Rannsóknarstöðin Katla Víkurbakka | Árskógshreppur | 0.24 |
| 2022/30 | Þjónustu og skipulagssvið | Akureyrarbær | 4.9 |
| 2022/31 | Lystigarður Akureyrar | Akureyrarbær | 0.48 |
| 2022/32 | Hríseyjarhreppur | Akureyrarbær | 1.55 |
| 2022/40 | Grýtubakkahreppur | Grýtubakkahreppur | 0.03 |
| 2022/45 | Fræðslusvið | Akureyrarbær | 1.54 |
| 2022/46 | Þjónustu og skipulagssvið | Akureyrarbær | 5.6 |
| 2022/51 | Þjónustu og skipulagssvið | Akureyrarbær | 5.85 |
| 2022/54 | Þjónustu og skipulagssvið | Akureyrarbær | 5.35 |
| 2022/57 | Sóknarnefnd Grundarkirkju | Eyjafjarðarsveit | 0.03 |
| 2022/58 | Þjónustu og skipulagssvið | Akureyrarbær | 6 |

Einkaskjöl - einstaklingar

| Aðf.nr. | Skjalamyndari | Hillum. | Hver afhenti |
|---------|--|---------|-------------------------------|
| 2022/3 | Kristín Friðbjarnardóttir (1862-1947) vinnukona Munkaþverá o.v. | 0.03 | Arnheiður Jónsdóttir |
| 2022/4 | Kristín Axelsdóttir (1923-2020) og Benedikt Sigurðsson (1909-1990) bændur í Grímstungu á Hólsfjöllum | 0.5 | Sigríður Benediktsdóttir |
| 2022/7 | Hallur Sigurbjörnsson (1921-2010) skattstjóri | 0.07 | Hlynur Hallsson |
| 2022/13 | Guðlaug Elsa Jónsdóttir (1927-2017) og Sigurgeir Júlíusson (1929-2020) Hrísey | 0.5 | Lovísa María Sigurgeirsdóttir |
| 2022/14 | Margrét Guðmundsdóttir (1946-) bókavörður | 0.03 | Margrét Guðmundsdóttir |
| 2022/18 | Kristín Sigvaldadóttir (1955-) húsmóðir Akureyri | 0.11 | Kristín Sigvaldadóttir |

Einkaskjöl - einstaklingar

| Aðf.nr. | Skjalamyndari | Hillum. | Hver afhenti |
|---------|--|---------|---|
| 2022/21 | Þórður Björgúlfsson (1918-2020) rennismiður og kaupmaður Akureyri | 0.78 | Björgúlfur Þórðarson |
| 2022/24 | Guðrún Ólafsdóttir (1936-2019) ljósmóðir og hjúkrunarkona | 0.03 | Ólafur Guðbrandsson |
| 2022/25 | Björn Jóhannsson (1893-1980) bóndi Syðra-Laugalandi | 0.03 | Logi Óttarsson |
| 2022/27 | Daníel Kristinsson (1902-1987) verka- og skrifstofumaður hjá KEA | 0.03 | Auður Daníelsdóttir |
| 2022/34 | Konný Kristjánsdóttir (1937-) hjúkrunarforstjóri Akureyri | 0.14 | Konný Kristjánsdóttir |
| 2022/35 | Helga Jarþrúður Jónsdóttir (1939-1997) og Sverrir Magnússon (1934-) Gullbrekku | 0.14 | Lilja Sverrisdóttir |
| 2022/36 | Kristján Tryggvason | 0.03 | GKJ Amtsbókasafni |
| 2022/39 | Þórsteinn Arnar Jóhannesson (1941-2022) bóndi Bárðartjörn | 0.03 | Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir |
| 2022/41 | Friðrik Kjartansson (1924-1988) leigubílstjóri og ökukennari | 0.24 | Bryndís Friðriksdóttir og Kjartan Friðriksson |
| 2022/44 | Vilhelm Björnsson (1952-) framreiðslumaður og alkahól og drug therapist | 0.24 | Vilhelm Björnsson |
| 2022/47 | Magnús Ágústsson (1928-2022) byggingaverkfræðingur | 1.28 | Ágúst Jóel Magnússon |
| 2022/48 | Ólafur Guðbrandsson (1957-) hjúkrunarfræðingur | 0.03 | Ólafur Guðbrandsson |
| 2022/49 | Sigurður Guðmundsson (1920-2010) vígslubiskup | 0.28 | Bragi Guðmundsson / Minjasafnið á Akureyri |
| 2022/50 | Seselía María Gunnarsdóttir (1947-) | 0.03 | Seselía M. Gunnarsdóttir / Minjasafnið á Akureyri |
| 2022/56 | Haraldur Hannesson (1926-2016) og fjölskylda Víðigerði | 0.06 | Hjörtur Haraldsson |
| 2022/59 | Jón Arngrímsson (1867-1951) lausamaður Ófeigsfirði | 0.03 | Guðrún Sveinbjörnsdóttir Mýri Bárðardal |
| 2022/60 | Elísabet Geirmundsdóttir (1915-1959) Akureyri og fjölskylda | 0.2 | Ásgrímur Ágústsson |
| 2022/61 | Lárus Sverrisson (1953-) Akureyri | 0.03 | Lárus Sverrisson |
| 2022/62 | Ásta Sigurðardóttir (1943-) Akureyri | 0.03 | Ásta Sigurðardóttir |

Einkaskjöl - félög

| Aðf.nr | Skjalamyndari | Hillum. | Hver afhenti |
|---------|--|---------|--|
| 2022/1 | Bindindisfélagið Vakandi | 0.08 | Gísli Pálsson |
| 2022/5 | Útvarpsstöðin Ólund | 0.08 | Hlynur Hallsson |
| 2022/6 | Byggingarsamvinnufélag Akureyrar | 0.27 | Hlynur Hallsson |
| 2022/9 | Áhugaljósmyndaklúbbur Akureyrar | 0.08 | Sigurgeir Haraldsson |
| 2022/11 | Lestrarfélag Hríseyjar | 0.03 | Þórunn Björg Arnórsdóttir |
| 2022/12 | Stúkan Árdís nr. 101 Hrísey | 0.08 | Þórunn Björg Arnórsdóttir |
| 2022/16 | Sparisjóður Skriðuhrepps | 0.13 | Elísabet Hreiðarsdóttir |
| 2022/19 | Sjálfstæðisflokkurinn á Akureyri | 1.1 | Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna á Akureyri og sjálfstæðisfélögin á Akureyri |
| 2022/20 | Sjálfstæðisflokkurinn á Norðurlandi eystra | 0.22 | Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna á Akureyri og sjálfstæðisfélögin á Akureyri |
| 2022/23 | Sveinafélag járníðnaðarmanna | 0.03 | Friðrik Þórðarson |
| 2022/38 | Ræktunarfélag Norðurlands | 0.08 | Jóhannes Sigvaldason |
| 2022/42 | Kvenfélagið Hjálpin Eyjafjarðarsveit | 0.08 | Lilja Sverrisdóttir |
| 2022/43 | Þjóðarflokkurinn | 0.03 | Valdimar Pétursson/ Lísu Valdimarsdóttir |
| 2022/52 | Kvenfélagið Freyja Arnarneshreppi | 0.18 | Anna Guðrún Jóhannesdóttir |
| 2022/53 | Unglingastúkan Hjalteyrarblómið Hjalteyri | 0.55 | Anna Guðrún Jóhannesdóttir |
| 2022/55 | Félag sauðfjárbænda við Eyjafjörð | 0.11 | Gunnar Jónsson |

Einkaskjöl - fyrirtæki

| Aðf.nr. | Skjalamyndari | Hillum. | Hver afhenti |
|---------|---|---------|--|
| 2022/2 | Bifreiðaverkstæði Jóhannesar Kristjánssonar | 0.44 | Jón G. Snorrason |
| 2022/33 | Teiknistofan Rein Eyjafjarðarsveit | 0.95 | Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri Akureyrarbæ |
| 2022/37 | Bókaverslunin Bókval | 0.03 | GKJ Amtsbókasafni |

©Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2023

Texti: Lára Ágústa Ólafsdóttir

Myndin á forsíðunni er úr skjalasafni Davíð Steánsónar frá Fagraskógi

Prófarkalestur: Katrín Björg Þórisdóttir og Þorsteinn Gunnar Jónsson

Vefútgáfa: <http://www.herak.is/um-safnid/arsskyrslur>